

Frá: Römpum upp Ísland <rampur@rampur.is>
Sent: þriðjudagur, 26. september 2023 10:29
Til: Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>
Efni: Römpum upp opinberar byggingar



Sæll Dagur.

Reikna má með að Römpum upp Ísland ljúki gerð 1000 rampa í desember n.k. Þá er náð upphaflegu markmiði, ári á undan áætlun.

Sú ákvörðun var hins vegar tekin síðastliðið haust að færa markmiðið úr gerð 1000 rampa í 1500 fyrir 10. mars 2025.

Hingað til höfum við einbeitt okkur að aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Á stjórnarfundum RUÍ 19. september sl. var tekin ákvörðun um að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu.

Sé vilji til staðar væri um nána samvinnu við starfsfólk RUÍ að ræða.

Almennt er rampagerðin hugsuð svona:

Römpum upp Ísland gerir aðgengi að byggingum, viðkomandi að kostnaðarlausu hvað varðar vinnu við rampa, hellur, tæki og tól.

Við byrjum á römpum:

- þar sem hæð að hurðargati er 3 - 15 cm
 - þar sem hurðarop er 83 cm eða meira
 - þar sem stétt er hellulögð og nægjanlega breið til að rúma ramp og gönguleið.
- Miðað við ofantalin hæðarmörk má hallinn ekki vera meira en 1:12 sem segir að t.d. 10 cm hæð við hurðargat á láréttum fleti kallar á ramp, 1,20 cm á lengd
- Við getum unnið þar sem er steypt eða malbikuð stétt en þá þyrftu viðkomandi að saga og fjarlægja efnið

3 - 15 cm hækkun er almennt í formi bungu sem er aflíðandi frá hurð í halla 1:12

RUÍ mun teikna allar aðgengisbreytingar og leggja þær fyrir viðkomandi

Reiknað er með að opinberir aðilar sinni ákveðinni undirbúningsvinnu

- Móttaki teikningar sem verða samþykktar eða gerðar breytingartillögur á

- Fáí jákvætt svar frá rekstaraðilum (ekki er reiknað með rekstrarstöðvun á meðan á framkvæmd stendur)
- Útvegi bílastæði fyrir pallbíl og kerru við verkstaði
- Útvegi sand til rampagerðar
- Sjái um losun úrgangs
- Komi á sambandi við þá sem sjá um hitalagnir í stétt, þar sem þær eru til staðar (ef eitthvað kemur upp á)
- Standi straum af leyfiskostnaði, ef einhver er

RUÍ kemur hellum á staðinn sem og mannskap, tækjum og tólum til að vinna verkið en óskar eftir því að sveitarfélagið útvegi hádegismat á meðan á verkinu stendur

Reikna má með að miðað við hindrunarlausa vinnu sé framkvæmd við ramp sem leysir aðgengi að hurðargati í 10 cm hæð, u.þ.b. eitt og hálf dagverk.

Í undantekningartilfellum, þar sem talin er brýn þörf á hærri ramp, er verktími lengri.

Þar sem líður að lokum verkefnisins og meta þarf umfangið miðað við sett markmið eru þeir aðilar sem óska eftir samstarfi beðnir um að skanna þá staði sem til greina koma og senda á rampur@rampur.is, mynd af inngangi, hæð frá stétt og að efstu brún þröskuldar, breidd á hurðargati og breidd á stétt, sé hún til staðar. Einnig þarf að koma fram ef halli er á stétt.

Gott væri að fá umsóknir sem fyrst og ekki síðar en 10. desember, nk.

Kv, Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri RUÍ
S 820 4020